



Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til meistaranema

1. Inngangur

Byggingastofnun veitir árlega allt að 1.000.000 kr. til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðaðróunar. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaaáætlunar 2018-2024 og kostur er ef verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaaætlunar.

2. Umsóknir

Umsóknum skal skilað til Byggingastofnunar á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það tengist byggðaðróun og eftir atvikum styður við byggðaaætlun.

Byggingastofnun er heimilt að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að hafna öllum umsóknum sem ekki tengjast byggðaðróun eða uppfylla að öðru leyti ekki þær kröfur sem gerðar eru til verkefna.

Umsækjendur skulu leggja stund á meistaranám við viðurkenndan háskóla. Umsóknum skal skila á íslensku nema um annað sé samið við umsjónarmenn sjóðsins.

3. Mat á umsóknum

Stjórn Byggingarannsóknasjóðs mun raða umsóknum í forgangs röð og leggja fyrir stjórn Byggingastofnunar sem tekur ákvörðum um styrkveitingu.

Við mat á umsóknum er litið til tengsla við byggðaðróun, nýnæmi verkefnis og hvort að til staðar séu möguleikar á hagnýtingu þess, sem og gæði umsókna og hæfni umsækjenda.

Umsækjendur fá sendan tölvupóst þar sem greint er frá niðurstöðu úthlutunar og tilkynnt er um úthlutun á vef Byggingastofnunar.

4. Greiðsla styrkja

Stefnt er að því að veita fjóra styrki. Byggingastofnun gerir skriflegan samning við hvern styrkþega. Helmingur styrksins verður greiddur út við undirritun samnings og helmingur þegar verkefni er lokið og Byggingastofnun hefur fengið eintak af því.

Áður en styrkur er greiddur út þurfa styrkþegar að leggja fram staðfestingu leiðbeinanda síns á verkefninu og að vinna við það sé hafin. Verkefnum skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en sumarið 2021. Nýti styrkþegi úthlutaðan styrk ekki innan árs frá úthlutun, fellur styrkurinn niður.

Sauðárkróki 27. september 2019